

AUGLÝSING

um áréttað bann við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi ríkjum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er áréttað bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum ríkjum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 1. október 2005 og gildir til 15. janúar 2006. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 476/2005 um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.